

Mál nr. 35/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 27. janúar 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 20. febrúar 2023.
3. Tölvupóstur M, dags. 22. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum þannig lýst að M sé leigutaki í húseign og sé þar með atvinnustarfsemi. Hinn 2. júní 2022 tilkynnti M um tjón á tveimur rúðum í húsnæði því sem hann leigir og er atvikum þannig lýst að rúðurnar hafi sprungið innan frá vegna hitastigs. Í tölvupósti forsvarsmanns M til V dags. 5. ágúst 2022 kemur fram að viðurkennt sé að vörum hafi verið komið fyrir í gluggakistu með þeim hætti að sennilega hafi það valdi sprungum í rúðu, það er að loftunarbíl hafi ekki verið nóg. V hafnaði bótaskyldu og telur að M beri ekki skaðabótaábyrgð vegna tjónsins

M telur að greiða eigi bætur úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins hjá V og vísar til þess að tjón hafi orðið á gleri innan frá vegna aðstæðna og vísar til ljósmynda af vettvangi máli sínu til stuðnings. M telur að tjónið hafi orðið vegna vöruuppsetningar í gluggakistu þar sem einungis þær rúður sprangu.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur óljóst hvað hafi leitt til þess að rúður sprangu og ekki hafi verið sýnt fram á að það sé vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Einnig vísar V til undanþáguákvæðis í 5. gr. vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar V þar sem komi fram að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem vátryggður hefur á leigu. Auk þessa vísar V til þess að húseigandatrygging leigusala gæti tekið til tjóns sem þessa.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort sýnt sé að M beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á glerrúðum í húsnæði leigusala hans í júní 2022. Gögn málsins sýna ekki með óyggjandi hætti hvers vegna rúður sprangu og ekki er ljóst af sömu gögnum að það hvernig starfsmenn M röðuðu vörum við rúðuna hafi haft áhrif á aðstæður. Sönnunarbyrði fyrir því hefur sá sem því heldur fram, þ.e. M. Verður því ekki af fyrirliggjandi gögnum talið sannað að tjón á rúðum sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar M, en skilyrði greiðslu úr ábyrgðartryggingu skv. 2. gr. vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar V er slík skaðabótaábyrgð.

Þegar af ofangreindri ástæðu telur nefndin ekki nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um undanþágu 5. gr. vátryggingarskilmálanna, en hún kemur ekki til nema um ábyrgð skv. 2. gr. sé að ræða

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir